



Nefndasvið Alþingis  
b.t. Utanríkismálanefndar  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Dags: 04.06.2023

## **Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um bætta stöðu og þjónustu við Íslendinga búsetta erlendis, 325. mál.**

Samband íslenskra námsmanna erlendis (SÍNE) fagnar framkominni tillögu um bætta þjónustu við Íslendinga búsetta erlendis. Frá sjónarhóli námsmanna fögnum við sérstaklega því að tillagan leggi til að aðgengi verði auðveldað að rafrænum skilríkjum, vegabréfum auk afnáms sex mánaða biðtíma eftir sjúkratryggingum við flutning til landsins. Breytingarnar myndu því án efa auðvelda Íslendingum erlendis að halda tengslum við Ísland.

### **Stafræn þjónusta og vegabréf (b. og k.-liðir)**

Rafræn skilríki eru orðin lykillinn að nánast allri stjórnsýslu og samskiptum við hið opinbera á Íslandi. Endurnýja þarf rafræn skilríki á fimm ára fresti og hefur það valdið mörgum Íslendingum búsettum erlendis margs konar vandræðum, enda er í rauninni ekki annar valmöguleiki en að gera sér ferð til Íslands til að fá endurnýjun. Það væri stórt framfaraskref fyrir þann stóra hóp Íslendinga sem býr erlendis að hægt væri að endurnýja rafræn skilríki í sendiráðum og hjá kjörræðismönnum. Sömu rök gilda um endurnýjun vegabréfs í sendiráðum erlendis.

Það er mikið hagsmunamál fyrir námsmenn erlendis að virkni rafrænna skilríkja utan landsteinanna sé tryggð og endurnýjun auðsótt. Þá má nefna að ekki allar opinberar stofnanir bjóða upp á notkun rafrænna skilríkja án íslensks SIM-korts, t.a.m. við undirritun skuldabréfs hjá Menntasjóði námsmanna, sem lántakar þurfa að gera í lok hverrar annar. Tryggja þarf að allar opinberar stofnanir bjóði upp á notkun rafrænna skilríkja í gegnum Auðkennis-appið.

### **Sjúkratryggingar (a.-liður)**

Afnám sex mánaða biðtíma eftir sjúkratryggingum við flutning til landsins myndi einnig auðvelda mörgum lífið. Þessir sex mánuðir geta verið taugastrekkjandi og mörg telja niður



dagana þangað til markinu er náð og það er „í lagi“ að veikjast og fá heilbrigðisþjónustu jafnt við aðra ríkisborgara.

Þetta er sérstaklega mikilvægt fyrir þau sem koma beint heim eftir nám erlendis. Nýútskrifaðir stúdentar eru jafnan ungt fólk sem ekki má ekki við skyndilegum útgjöldum. SÍNE telur eðlilegt að sjúkratrygging virkist við skráningu lögheimilis á Íslandi, líkt og lagt er til í greinargerð.

### **Kjörskrá (d.-liður)**

SÍNE tekur undir að kosningaréttur fylgi íslensku ríkisfangi og hann eigi ekki að þurfa að endurnýja. Kjósi íslenskur ríkisborgari sem hefur verið búsettur erlendis lengi að endurnýja tengsl sín við Ísland, til dæmis með því að nýta kosningarétt sinn, sér SÍNE það sem jákvætt skref sem ætti ekki að hindra að óþörfu.

SÍNE vekur athygli á því að Íslendingar búsettir erlendis eru skráðir á kjörskrá þess kjördæmis þar sem þau höfðu síðast lögheimili á Íslandi, að undanskildum þeim sem höfðu lögheimili í Reykjavík, þar sem fæðingardagur ákvarðar í hvoru Reykjavíkurborg kjördæminu þau kjósa. SÍNE telur eðlilegt þessar reglur verði samræmdar fyrir öll kjördæmi landsins.

Þá má einnig nefna að eingöngu íslenskir námsmenn á Norðurlöndunum geta kosið í sveitarstjórnarkosningum, hafi þeir sent þjóðskrá tilkynningu um námsvist. SÍNE hvetur stjórnvöld til að tryggja að allir íslenskir námsmenn erlendis geti skráð sig á kjörskrá fyrir sveitarstjórnarkosningar, óháð námslandi.

### **Íslensk börn erlendis (g., h. og l.-liðir)**

SÍNE tekur undir g.-lið um aukið aðgengi að íslenskukennslu á netinu fyrir íslensk börn erlendis. Fjöldi íslenskra námsmanna erlendis á börn og því myndi það gagnast þeim fjölskyldum vel. Sömu rök hníga að h.-lið um aukið aðgengi að íslensku barna- og fræðsluþefni. Gott vald á móðurmáli er ekki aðeins mikilvægur grundvöllur til þess að læra önnur mál, líkt og kemur fram í greinargerð, heldur einnig fyrir tengsl og samskipti barna við foreldra sína. Góð íslenskukunnátta mun einnig draga úr hindrunum fyrir íslensk börn erlendis og fjölskyldur þeirra sem hyggjast flytja aftur til Íslands.

SÍNE tekur undir markmið l.-liðar um meðlagsgreiðslur til réttihafa sem flutt hafa erlendis. Tryggja þarf örugga framfærslu barna óháð búsetu foreldra.



### **Lánveitingar og úrræði vegna skuldavanda (f. og m.-liðir)**

Námsmenn erlendis sitja ekki við sama borð og aðrir þegar kemur að lánveitingum og aðstoð vegna skuldavanda. Strangar reglur um „lán tengd erlendum gjaldmiðlum“ leiða til þess að í raun er ekki hægt að framkvæma lánshæfis- eða greiðslumat á einstaklingi með lögheimili erlendis, en það er skilyrði viðskiptabanka til lánveitingar auk þess að geta veitt aðstoð vegna skulda eða greiðsluvanda. Þetta gerir að verkum að Íslendingar sem hafa lögheimili erlendis geta ekki tekið lán á Íslandi og aðilar í skuldavanda geta því ekki fengið fyrirgreiðslu frá sínum banka, t.a.m. yfirdráttarheimild hækkaða eða greiðsludreifingu á kortaskuldir.

Samkvæmt reglugerð um réttindi og skyldur námsmanna erlendis (reglugerð nr. 648/1995), geta námsmenn haldið öllum réttindum sem heimilisfesti á Íslandi veitir skv. lögum nr. 75/1981. Út frá því ætti námsmaður að geta fengið lánshæfis- og/eða greiðslumat og lán til námsmanns ætti ekki að teljast sjálfkrafa „lán tengt erlendum gjaldmiðlum“. Hins vegar lenda námsmenn í námi á Norðurlöndunum milli skips og bryggju. Samkvæmt samningum milli Norðurlanda er einstaklingi sem flytur frá einu samningsríki til annars skylt að færa lögheimili sitt til þess lands sem aðalbúseta verður. Afleiðing þess samkvæmt framangreindu er að öll hefðbundin lán (þ.e. fasteignalán til neytenda eða neytendalán) til námsmanna á Norðurlöndunum teljast vera tengd erlendum gjaldmiðli. Vert er að nefna í þessu samhengi að stór hluti íslenskra námsmanna erlendis fara til Norðurlandanna. Þessi ströngu skilyrði bitna því illa á íslenskum námsmönnum á Norðurlöndunum sem þurfa t.a.m. að leita sér aðstoðar vegna skuldavanda eða hyggjast kaupa fasteign á Íslandi.

### **Réttur til lífeyrisgreiðslna (e.-liður)**

Til þess að tryggja jafnt aðgengi að námi er nauðsynlegt að íslenskir námsmenn erlendis standi jafns við námsmenn á Íslandi. SÍNE vekur athygli á að það eru ekki aðeins ellilífeyrisgreiðslur sem geta skerst vegna búsetu erlendis heldur einnig örorkulífeyrir. Skerðingar á örorkulífeyrisgreiðslum er hindrun sem dregur úr jöfnu aðgengi að menntun. SÍNE hvetur nefndina til þess að kanna hvort aðrar tegundir lífeyris eigi einnig heima undir liðnum.

### **Ríkisborgararéttur (i. og j.-liður)**

SÍNE tekur undir markmið i.-liðar um greiðari leið fyrir maka íslenskra ríkisborgara til að komast til Íslands og öðlast ríkisborgararétt. Fjölmargir námsmenn kynnast ástinni í útlöndum og á ríkisvaldið ekki að leggja stein í götu hennar. Þá tekur SÍNE einnig undir j.-lið um að íslenskir ríkisborgarar missi ekki ríkisborgararétt þó þeir hafi aldrei átt lögheimili á Íslandi við 22 ára aldur. Ýmsar ástæður geta verið fyrir því að Íslendingur sem er fæddur erlendis hafi



ekki fasta búsetu á Íslandi og ekki ætti að hindra þá einstaklinga í því að endurnýja tengsl sín við Ísland síðar á lífsleiðinni.

Fyrir hönd Sambands íslenskra námsmanna erlendis,

Bjarki Þór Grönfeldt

Forseti SÍNE